

Mál nr. 338/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V dags. 20. nóvember 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við störf sín í þágu X hinn 29. maí 2025 er hann var að sinna gluggaþvotti við hjúkrunarheimili í körfubíl. Hliðið á körfunni var bilað sem hafði þær afleiðingar að M féll út um hliðið úr um það bil sex metra hæð og lenti í garði bakvið húsið og slasaðist. Notaði hann ekki fallvarnarbúnað umrætt sinn þar sem hann hafði gleymt honum. Við slysið brotnaði hann á báðum fótum og á úlnlið. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með bréfi, dags. 29. júlí 2025, á þeim grundvelli að slysið yrði ekki rakið til saknæmrar og ólögmaðrar háttsemi sem X gæti borið skaðabótaábyrgð á. Þá var á því byggt að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi á slysdegi. M byggir kröfu sína á að vinnuaðstaða hans á slysdegi hafi verið ófullnægjandi. Nánar tiltekið hafi körfulyftan verið biluð. Vísar M til skýrslu Vinnueftirlitsins þar sem fram kemur að erfitt hafi verið að loka hliðinu vegna skekkju á körfunni. Þá hafi eiginleg fallvarnarbelti ekki verið til staðar og línur sem voru til staðar voru ekki notaðar. Vitneskja hafi legið fyrir um að hlið körfunnar hafi verið í ólagi tíu dögum áður en slysið átti sér stað. Vísar M til 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 þar sem fjallað er um eftirlit með tækjum á vinnustað. M vísar einnig til fjölmargra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum máli sínu til stuðnings. Að lokum hafnar M því að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þar sem hann hafi gleymt að nota fallvarnarbúnað. Vísar M til þess að samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 hafi meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum ekki réttaráhrif nema háttsemi hans teljist stórkostlegt gáleysi eða ásetningur. Gáleysi þurfi að vera á mjög háu stigi svo það teljist stórkostlegt og þurfi gáleysið einnig að hafa orðið til þess að slys varð og haft áhrif á umfang tjónsins. Meginorsök slyssins hafi verið bilun í körfulyftunni sem X var meðvitað um áður en slysið átti sér stað en brást ekki við.

V hafnar því að vitneskja hafi verið til staðar um bilun hliðsins. Vitneskja hafi verið til staðar um að hlið körfunnar væri stíft, en það hafi verið hægt að loka því. Engar upplýsingar hafi borist X um annað þrátt fyrir fyrirspurnir á verkstað nokkrum dögum fyrir slysið um hvort öll tæki virkuðu örugglega. Þá hafi M sjálfur upplýst yfirmenn sína um að allt væri í lagi. Lyftan hafi fengið fulla skoðun frá Vinnueftirlitinu 17. apríl 2024, rúmum mánuði fyrir slysið og hafði ekki orðið fyrir hnjaski að vitund X frá skoðun og fram að slysdegi. Telur V að gáleysi M sé stórfellt þar sem hann vanrækti að nota fallvarnarbúnað. Hann hafði notað fallvarnarbelti og hjálm fyrir hlé en svo gleymt að setja búnaðinn á sig þegar hann hóf störf að nýju. M hafði starfað hjá X frá því í maí 2018 og hafði töluverða reynslu sem gluggaþvottamaður. Hafnar V því að slysið megi rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri afstöðu sína og vísar því til stuðnings til fyrirliggjandi gagna málsins.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að hægt sé að rekja líkamstjón M til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hans sé að rekja til saknæmrar og ólögmaðrar athafnar eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 30. maí 2024, var ekki hægt að loka hliðinu nema með því að lyfta hálfu leið af hjörunum. Hefur forsvarsmáður X staðfest að hafa vitað af

Þessari bilun hliðsins fyrir slysið. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins sé hæfilega lagað að verkinu þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin. Það að tækið hafi verið skoðað mánuði fyrir slysið undanþiggur ekki X frá því að gæta að öryggi starfsmanna í ljósi vitneskju um bilun tækisins. Þvert á móti verður að gera þá kröfu að þegar atvinnurekandi hefur fengið upplýsingar um bilun eða frávik frá eðlilegu ástandi tækis sem notað er við störf í hæð, sé brugðist skjótt við með fullnægjandi hætti. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 skal atvinnurekandi sjá til þess að tæki sé skoðað og prófað með reglulegu millibili þegar öryggi þess kann að vera skert. Þá ber sérstaklega að framkvæma viðbótarskoðun ef atvik eða frávik koma upp sem geta haft áhrif á öryggi tækisins. Í máli þessu liggur fyrir að erfiðleikar voru við að loka hliðinu vegna skekkju á körfunni og að fulltrúi X hafði vitneskju um þetta áður en slysið varð. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja í málinu, þar á meðal lögregluskýrslu og staðfestingar forsvarsmanns X um að vitað hafi verið um erfiðleika við að loka hliðinu fyrir slysdag, verður lagt til grundvallar að X hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja að tækið væri öruggt til notkunar. Atvik slyssins bera með sér að orsakatengsl séu milli bilunar í hliðinu og falls M úr körfunni. Verður því að telja að háttsemi X, í formi vanrækslu á viðhaldi og viðeigandi öryggisráðstöfunum, hafi verið saknæm og ólögmæt og að sú háttsemi hafi valdið tjóni M. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að M hafi vanrækt að nota fallvarnarbúnað sem var til staðar, enda hafði hann verið með slíkan búnað fyrir hlé en gleymt að setja hann á aftur þegar hann hóf störf að nýju. M hafði auk þess margra ára starfsreynslu við gluggapvott og var því vel kunnugt um öryggisreglur tengdar vinnu í hæð. Notkun fallvarnarbúnaðar er grundvallaröryggisráðstöfun og ætlað að koma í veg fyrir einmitt þann atburð sem hér varð, þ.e. að starfsmaður falli úr körfu. Með hliðsjón af atvikum málsins, reynslu M og því að hann sinnti ekki þessari grunnskyldu, verður háttsemi hans metin stórkostlegt gáleysi í skilningi laganna. Þykir hæfilegt að miða við að eigin sök M nemi 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en bætur skerðast um 1/3 vegna meðábyrgðar skv. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga.

Reykjavík, 20. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir